

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin Kampur

Starfsáætlun 2014-2015



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Yfirlit yfir starfsstaði frístundamiðstöðvarinnar Kamps Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
Hlutverk/leiðarljós/gildi frístundamiðstöðvarinnar Kamps	5
Stutt greinargerð forstöðumanns um starfið á síðasta ári..... Villa! Bókamerki ekki skilgreint.	
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	5
Lykiltölur frístundamiðstöðvarinnar Kamps.....	10
Stefnukort SFS	11
VÍDDIR, STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2014-2015.....	12
<i>BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN</i>	12
<i>VERKLAG</i>	14
<i>MANNAUÐUR</i>	16
<i>AUÐLINDIR</i>	18

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósum sviðsins sem eru: Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.


Frístundamiðstöðin Kampur hefur staðið fyrir frítímastarfi barna og unglinga í miðborg og Hlíðum frá 1. apríl 2007. Undir Kamp heyra þrjár félagsmiðstöðvar fyrir 10 – 16 ára unglinga: Gleðibankinn í Hlíðaskóla, 100 og 1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Kampur rekur þrjú frístundaheimili fyrir 6 – 9 ára, það eru Eldflaugin í Hlíðaskóla, Halastjarnan í Háteigsskóla og Draumaland í Austurbæjarskóla. Kampur tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum í hverfinu í samvinnu við skólana, Íþróttafélagið Val og Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða. Einnig má þess geta að frístundamiðstöðin Kampur er þekkingarmiðstöð SFS í frítímaþjónustu innflytjenda. Í Kampi eru starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn, bæði er varðar nám, reynslu og þjóðerni.

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2014-2015 eru unnar út frá stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2014 og gildir til 31. ágúst 2015.

Helstu áherslur í starfi frístundamiðstöðvarinnar 2014-2015 verður á lýðræðisleg vinnubrögð og hvernig unnt er að efla hvatningu til starfsmanna. Rauði þráðurinn í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar verður á aðgengi fyrir alla, þar sem sérstaklega er hugað að innflytjendum, að ná til táknmálstalandi einstaklinga og að vinna gegn hamlandi staðalímyndum. Frístundamiðstöðin ætlar að efla vinnustaðalýðræði og setja markmið sitt á að stuðla að enn betri útkomu í viðhorfskönnun starfsmanna.

Í starfsáætluninni er gerð grein fyrir helstu verkefnum en markmið, nánari útfærslur, ábyrgð og tímaramma er að finna í vinnuskjölum.

Yfirlit yfir starfsstaði Kamps



Starfsárið 1.september 2013 – 31.ágúst 2014.

Starfsárið hefur verið fjölbreytt, metnaðarfullt og annasamt. Haustið 2013 tók við að hluta til nýr stjórnendahópur, nýr forstöðumaður í Draumalandi, nýr aðstoðarforstöðumaður í Eldflauginni og nýr fjármálastjóri tók til starfa í Kampi. Barnasáttmáli SÞ var rauði þráðurinn í starfsemi Kamps á starfsárinu þar sem lögð var sérstök áhersla á að vinna með réttindi barna bæði á vettvangi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og í stefnumótun hjá frístundamiðstöðinni. Fræðsla til starfsmanna tók mið af ofangreindum áherslum og voru ýmis verkefni unnin úti á starfsstöðunum. Spannandi þróunarverkefni voru unninn á árinu og þar má helst nefna *Stelpur rokka* í frístundaheimilinu Eldflauginni sem fékk þ.á.m Hvatningarverðlaun SFS. Félagsmiðstöðvarnar komu að kennslu í lífsleikni í öllum þremur skólanum við góðan árangur. Félagsmiðstöðvarnar Kamps tóku þátt í tilraunaverkefninu „Út fyrir boxið“ sem fjallaði um líðan stúlkna á miðstigi og gekk það ágætlega, en var þó takmarkað þar sem starf á miðstigi er af skörum skammti. Verkefnið hlaut þó góðar viðtökur og Kampur stoltur þátttakandi í þessu verkefni á vegum sviðsins.

Þátttaka starfsstöðva Kamps á Barnamenningarhátíð var mikil og endurspegladi það hið metnaðarfulla starf sem starfsmenn okkar standa fyrir. Frístundamiðstöðin Kampur hlaut viðurkenninguna „Fyrirmyndarstofnun árið 2014“ frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og er það í fyrsta sinn sem það frístundamiðstöðin hlýtur þá viðurkenningu okkur til mikils stolts og ánægju. Að vanda voru húsnæðismálin í brennidepli, og mátti þar helst nefna lausar kennslustofu fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna. Nemendur, foreldrar og aðrir áhugasamir aðilar fóru í kröfugöngu í lok árs til að vekja athygli á húsnæðisleysi nemenda við Austurbæjarskóla og kröfðust þess að Spennistöðin yrði félagsmiðstöð hverfisins. Það fékk gott brautargengi og bíðum við ólm eftir að fá lyklna afhenta að því húsnæði á haust dögum. Húsnæði Draumalands hefur verið í biðstöðu vegna tengingu þriðja skúrsins á lóð skólans og bíðum við enn eftir að því verkefni verði lokið. Hljóðvist í Eldflauginni hafa haft áhrif á líðan barna og starfsmanna þar á bæ en vonast er til að því verði lokið nú í sumarleyfi 2014. Áfram höldum við að vinna að húsnæðismálum, þ.m.t fyrir félagsmiðstöðina 105, Gleðibankann og frístundamiðstöðina Kamp niðrá Klambratún.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Staða barna/unglinga í hverfinu

Í hverfi miðborgar og hlíða eru starfræktir þrír opinberir grunnskólar og einn einkarekinn. Samsetning íbúa í hverfinu er fjölbreytt bæði varðandi efnahag, uppruna og aldur. Á undanförunum árum hefur sérstaklega verið fylgst með líðan og högum barna og unglunga í kjölfar efnahagsþrenginga. Ástandið í hverfinu hefur almennt verið svipað og fyrir efnahagsþrengingar hvað varðar tilkynningar til barnaverndar og áhættuhegðun unglunga. Hvað varðar líðan barna á frístundaheimilum þá sýna viðhorfskannanir foreldra að börnunum líður almennt vel á frístundaheimilum og um 98% foreldra eru ánægðir með frístundaheimilin sem er ánægjuleg þróun. Kannanir Rannsókn og greiningar sem gerðar eru meðal unglunga á aldrinum 10 – 16 ára sýna að líðan unglunga hefur lítið breyst en áhættuhegðun unglunga á aldrinum 13 – 16 hefur farið almennt minnkandi síðasta áratug. Hins vegar er alltaf ákveðin hópur unglunga, sem oft er árgangaskipt, sem sýna áhættuhegðun og neyslu. Almennt hafa starfsmenn félagsmiðstöðva tekið eftir aukinni neyslu kannabisefna og hefur neyslan náð neðar í aldri.

Frístundamiðstöðin Kampur hefur hins vegar lýst yfir áhyggjum sínum á því úrræðaleysi sem virðist blasa við hjá velferðarkerfinu. Að undanförunum árum hefur borið meira á því að málefni unglunga sem sýna áhættuhegðun í neyslu, hegðun o.s.frv. er lengur í úrvinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur og úrræði þjónustumiðstöðva orðin nánast engin. Reynt hefur verið að

vinna gegn þessari þróun með samstarfsverkefnum frístundamiðstöðva, skóla og þjónustumiðstöðva en slík verkefni hafa vanalega þurft að fjármagna í gegnum styrki. Þetta er áhyggjuefni og „forvarnarstarf“ með áherslu á snemmtæka íhlutun hefur dregist saman og auknar áhyggjur á velferð unglinga sem tilheyrta ofangreindum hópi.

Innra mat frístundamiðstöðvarinnar

Frístundamiðstöðin Kampur setti sér skrifleg markmið fyrir starfsárið 2013 – 2014 þar sem meðal annars var lagt upp með að meta; þátttöku barna og unglinga með annað mótumál en íslensku í skipulögðu frístundastarfi í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvun, þátttaka barna í 3. – 4. bekk, þátttaka og virkni unglinga í nefndum og ráðum, sumarstarfið, starfsmannaveltu svo eitthvað sé nefnt. Á vorönn 2014 voru neðangreind verkefni metin.

Barnasviðs Kamps

Hvaða þættir starfsins voru metnir?

- Skráningar og þátttaka
- Stuðningur
- Verkefni og viðburðir
- Fræðsla og fræðsluþörf
- Menningar- og listastarf

Hvernig fór matið fram?

- Fjöldatölur og farið yfir mun á skráningu í skóla og frístundaheimili.
- Rýnt í breytingar á fjölda í eldri hópum og einstökum frístundaheimilum.
- Kortlagning á stuðningsþörf
- Þekkingu eða sérhæfingu starfsmanna til að sinna stuðning.
- Staða verkefna í starfsáætlun metin á miðvetri og í vetrarlok
- Viðburðir ígrundaðir og verklag á skráningu viðburða yfirfarið.
- Greining á fræðsluþörfum í barnastarfi: starfsmannasamtöl, könnun og fræðslur yfirfarnar með starfsáætlun til hliðsjónar.
- Móttaka og fræðsla til nýrra starfsmanna endurskoðuð.
- Unnið af menningaráætlun og kortlagning á lista- og menningarstarfsemi í Kampi. Mannauður skilgreindur út frá hæfni og þekkingu á sviði lista- eða menningar.
- Flokkun og skilgreining á verkefnum og viðburðum.

Hverjir tóku þátt í matinu (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)?

- Forstöðumenn, starfsmenn frístundaheimila.

Helstu niðurstöður innra mats (styrkleikar og veikleikar)

Styrkleikar

- Þátttaka 3.-4.bekkjar í Eldflaug og Halastjörnu
- Verkefnafjöldi, mörg ný verkefni í Draumalandi og Eldflaug.
- Gott þróunarstarf
- Stöðugleiki starfsmanna og lítil starfsmannavelta.
- Þekking og reynsla starfsmanna. Sérhæfing stuðningsstarfsmanna.
- Öflugt lista- og menningarstarf.

Veikleikar

- Þátttaka 3.-4.bekkjar í Draumalandi.
- Undirbúningsstími lítill og tími til að ígrunda og yfirfara knappur.
- Fá verkefni og þróunarstarf í Halastjörnu

- Stuðningur og þáttökugreingin á innflytjendum misvel unnin og oft ómarkviss.
- Undirbúnings- og skipulagstími starfsmanna og forstöðumanna takmarkaður.
- Frístundabréið gekk brösulega og voru starfsmenn misánægðir með útfærsluna á verkefninu.

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats

- Fræðsla með öllu starfsfólki Kamps í upphafi hausts.
- Nýta mismikinn starfsaldur og reynslu starfsfólks í fræðslustarfi og þáttöku reyndra starfsmanna í fræðslu.
- Innleiðing á Mentor starfsmannakerfi.
- Endurmat á sumri og þáttöku. Setja aðgerðaráætlun og umsókn fyrir viðbótar úthlutun vegna þáttökuaukningar.
- Fastir stuðningsstarfsmannafundir innleiddir á öllum starfsstöðum.
- Kortlagning á innflytjendum og móttökuáætlun nýtt á öllum starfsstöðum.
- Ígrundun vegna verkefna og viðburða fari fram með hlut að eigandi og uppgjörsblöð útfyllt fyrir hvern viðburð.

Unglingasvið Kamps

Hvaða þættir starfsins voru metnir?

- Þátttaka í starfinu.
- Virkni unglinganna.
- Jafnrétti kynjanna.
- Gæði viðburða/verkefna og dagskrár.
- Þörfin fyrir sértækt hópaúrræði.
- Starfsmenn félagsmiðstöðva
- Fjármál
- Hvernig fór matið fram?
- Þátttakan var metin eftir verkefnum og tímabilum s.s. dagsetningum eða tímum dags.
- Virkni var metin í formi hópastarfs.
- Jafnrétti kynja mælt með innstimplun kynja í lykiltölugrunn.
- Gæði viðburða og dagskrár er metin með ígrundun og útfærslu eftir hvern viðburð.
- Þarfirnar eru metnar með skimun og formlegum og óformlegum fundum með starfsfólki skólans um börn og unglinga sem talin eru sína áhættuhegðun.
- Starfsmenn félagsmiðstöðva eru metnir út frá daglegu starfi og viðmiðin eru starfslýsingarnar. Starfsmannasamtöl og starfsþróunarsamtöl eru reglulega ár hvert.
- Vel er fylgst með fjármálum starfsstaðanna með tvöföldu bókhaldi í Agresso og skráning í Excel skjöl og yfirliti deildastjóra og rekstrarstjóra.
- Allir þessir þættir voru tilteknir í áfangaskýrslu starfsstöðvanna.

Hverjir tóku þátt í matinu?

- Þeir sem tóku þátt í matinu voru starfsmenn félagsmiðstöðvanna og frístundamiðstöðvar Kamps, börn og unglingar.

Helstu niðurstöður innra mats (styrkleikar og veikleikar)

Styrkleikar

- Hópastarf í Gleðibankanum
- Margir flottir viðburðir
- Góð þátttaka í félagsmiðstöðvar Kamps á borgarvísu.
- Hópastarf er smám saman að aukast en þarf upplýtingu, aðalega í 100og1.
- Ánægja var með breytingar á fjármálum, skýrari rammi og aukið budget en meiri ábyrgð..
- Mikil ánægja var með starfsfólk starfsstaðanna.

- Fjármálin voru í góðu lagi og fór enginn yfir ramman sinn.
- Samskiptavefur Facebook gekk vel, bæði unglinga og foreldra.
- Samskipti við skólastjórnendur og starfsfólk skólanna gekk vel.
- Jöfn mæting kynjanna á flestum starfsstöðum/starfsemi
- Mannauðsstjórnun gekk vel enda starfsfólk ánægt í starfi.
- Þátttaka og sýnileiki í Barnamenningarhátíðinni (sérstaklega Andrea og starfsfólk 105).
- Ígrundun var mælitæki sem var notað daglega.

Veikleikar

- Þátttaka innflytjenda ekki markvisst, frá hugmynd til mats (sérstaklega í 100og1 og 105)
- Væri gott að hafa táknmálstalandi starfsmann
- Vantar fastari fundarmenningu (fastir fundir og fundargerðir)
- Þátttaka í sumaropnanir fyrir 8.-10. bekk hefði getað verið betri.
- Undirbúnings- og skipulagstími verkefnastjóra takmarkaður.
- Frístundabréið gekk brösulega og voru starfsmenn misánægðir með útfærsluna á verkefninu.
- Drullumall tók mikinn tíma og möguleiki að fækka tónleikum með von um að Drullumall verði enn flottari viðburður.
- Í félagsmiðstöðinni 100og1 þarf að setja aðgerðaráætlun varðandi komandi 8. Bekk þar sem ekki náðist til þeirra í vor þegar þau voru í 7. Bekk.
- Uppfærslur á heimasíðu félagsmiðstöðva.
- Menningarfæðsla gekk ekki nógu vel og vantaði upp á virkni starfsmanna félagsmiðstöðva Kamps.
- Hilmarinn, verkefni sem var framkvæmt en er orðið að áhyggjuefni.
- Þarf að auka þátttöku drengja í 10-12 ára starfið í 100og1 en stelpna í 10-12 ára starfið hjá Gleðibankanum.
- Umbætur út frá niðurstöðum innra mats (framkvæmd áætlana í undirbúningstíma í haust, klárað á starfsdegi)
- Þróunarstarf hefst strax að hausti. Forstöðumaður innleiðir verklag úr bókinni Access all areas.
- Skýrar reglur eru varðandi auglýsingar í lausar stöður hjá okkur þannig að þegar eitthvað losnar hjá okkur fer það sitt ferli og svo er bara að sjá til hverjir sækja um.
- Forstöðumenn í samstarfi við deildastjóra finna ákveðinn fundartíma sem er fastur í hverri viku. Deildastjóri stingur upp á mánudögum kl. 17:00-18:30.
- Endurskoða og meta sumarstarfið eftir sumarið 2014 og bera saman bækur. Sumir þættir breyttust en aðrir ekki. Skoða hvað gekk vel og hvað ekki.
- Minnka dagopnun til að gefa forstöðumönnum meiri tíma í undirbúning/skrifstofuvinnu.
- Breyta frístundabréið hugmyndinni í heimsóknir frá frístundaheimilinu inn í 10-12 ára starfið eða sér tími í félagsmiðstöðina. Þetta yrði fyrir 4. bekkinn eingöngu. Forstöðumenn frístundaheimila skipuleggja tíma í samstarfi við forstöðumenn félagsmiðstöðva og starfsmaður/menn frá frístundaheimili koma með hópinn í heimsókn líkt og í öðrum heimsóknum og starfsmenn félagsmiðstöðva verða með skipulagt prógram fyrir börnin með það að markmiði að tengja þau starfinu sem þau eru að fara koma í til þess að auðvelda þeim aðgengið.
- Forstöðumenn ásamt deildastjóra skipuleggja Drullumalls verkefnið á haustdögum.
- Forstöðumaður 100og1 gerir aðgerðaráætlun varðandi 8.bekkinn. Athuga með hugmyndir frá forstöðumanni 105 sem er með sambærilega áherslu.
- Forstöðumenn finni út úr því hvernig þeir ætla að gera heimasíðuna að virkari síðu. Þetta er verkefni sem ekki verður unnið að ofan. Ef starfsmenn sjá ekki tilganginn með síðunni þá er erfitt að halda þessu gangandi.
- Ef menningarfæðslan heldur áfram næsta haust þarf að virkja betur starfsmenn félagsmiðstöðva. Skoða hvernig reynslan var eftir tímabreytingar.

- Starfsmenn 100og1 geri aðgerðaráætlun hvernig þau geta náð inn drengjum í 10-12 ára starfið.
- Starfsmenn Gleðibankans geri aðgerðaráætlun hvernig þau geta náð inn stelpum í 10-12 ára starfið.
- Hilmarinn er flott verkefni sem þarf að ræða og vinna með unglingunum og fá skólana jafnvel með í samstarf.

Ytra mat

Ekkert ytra mat var framkvæmt á frístundamiðstöðinni né starfseiningum hennar árið 2013-2014.

Matsáætlun (fyrir tímabilið 2014-2015)


- Hvaða þætti starfseminnar er áætlað að meta?
- Hvernig verður matið skipulagt?
- Hvaða matsaðferðir/matsgögn er áætlað að nýta?
- Hverjir munu taka þátt í matinu?

Lykiltölur Frístundamiðstöðin Kampur

	Raun 2011	Raun 2012	Raun 2013	Áætlun 2014
Starfsmannamál				
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	89	76	72	74
Fjöldi stöðugilda (1.okt)		3900	37	39,4
Fjöldi starfsmanna (1.okt)	72	86	76	79
- Karlar	30	36	40	35
- Konur	42	50	35	44
Útivist / Hverfastarf				
Leikstræti Sumardagurinn fyrsti			600	1700
Frístundaheimili 6-9 ára				
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)		375	403	420
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)		31	34	36
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára	594	558	722	837
- Stelpur	298	310	299	339
- Strákar	296	248	423	488
Frístundaklúbbar 10-16 ára (börn með fötlun)				
Frístundaklúbbar fatlaðra 10-16 ára (1. okt.)				
Fjöldi skráninga í sumarstarf				
- Stelpur				
- Strákar				
Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára				
Heildarþátttaka yfir árið		1634	2193	2500
- Stelpur		617	1045	1250
- Strákar		835	1149	1250
- Þar af yfir sumarið		182	333	354
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára				
Heimsóknir unglinga í félagsmiðstöðvar		14556	14065	15000
- Stelpur		6919	7206	7500
- Strákar		6968	6859	7500
Þar af í sumaropnun		669	677	1000
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði)		12	10 (2)	14
- Stelpur			8	7

- Strákar			2	7
Fjöldi unglunga í félagsmiðstöðvarhópum og Vinnuskóla.		13	0	30
- Stelpur		7	0	15
- Strákar		6	0	15
Annað starf fyrir börn, unglunga og ungmenni				
Börn á smíðavöllum/SSÚ		62	26	0

Stefnukort SFS



BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN

1. Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

a. Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.

Heiti verkefnis: Hópvinnu hamingja í Austurbæ

Markmið: Hópvinnu með það að markmiði að stuðla að jákvæðni og meiri gleði fyrir 10. bekkjar árganginn í Austurbæjarskóla.

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 100og1

Heiti verkefnis: Góð samskipti og virðing fyrir fjölbreytileika er ekki sjálfsgefið

Markmið: Bæta samskipti og auka virðingu fyrir fjölbreytileikanum.

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður Gleðibankans

Heiti verkefnis: Tveir heimar, eitt heimili

Markmið: Táknmálsverkefni í Eldflauginni í samstarfi við stofnanir sem vinna með táknmál. Táknmál gert sýnilegra í daglegu starfi frístundaheimilisins og unnið að innleiðingu þess í öllu starfi.

Tímaáætlun: Vetur 2014 –2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður Eldflaugin og Gunnar Snær

2. Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

a. Heilbrigður lífsstíll

Heiti verkefnis: Heilsueflandi frístundaheimili

Markmið: Að innleiða heilsueflingu, heilbrigði og bætt líðan

Tímaáætlun: Veturinn 2014 -2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður Draumalands

3. Víðtæk þekking, færni og árangur

a. Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.

Heiti verkefnis: Verkefnamat í starfi barna- og unglingastarfi

Markmið: Að meta þau verkefni sem eru framkvæmd í starfi félagsmiðstöðva og frístundaheimila

Tímaáætlun: Veturinn 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildastjórnar barna- og unglingastarfs

b. Læsi í viðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.

Heiti verkefnis: Brúin

Markmið: Að efla íslensku kunnáttu barna í 1. – 4. bekk í gegnum leiki

Tímaáætlun: Veturinn 2014 -2015

Ábyrgðarmaður: María Reyndal og framkvæmdarstjóri Kamps

Heiti verkefnis: Ritsmiðja – skapandi skrif og bókaútgáfa

Markmið: Að örva sköpunarkraft barnanna, þau búi til sögur og taki þátt í samtali um bókmenntir og skrif.

Tímaáætlun: Vetur 2014 –2015

Ábyrgðarmaður: Markús Már Efraím, deildarstjóri barnastarfs og forstöðumenn frístundaheimila

c. Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar

Heiti verkefnis: Menningaráætlun Kamps

Markmið: Innleiðing á menningaráætlun Kamps. Umsóknarferli fyrir menningarfána og samstarf milli barna- og unglingasviðs í menningarmálum.

Tímaáætlun: Vetur 2014 –2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

d. Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.

Heiti verkefnis: Átak í endurvinnslu og stigin Græn skref

Markmið: Að fá frístundaheimilin til að endurvinna betur, nýta endurunninn efnivið í skapandi starfi og innleiða græn skref.

Tímaáætlun: Vetur 2014 –2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs og forstöðumenn.

4. Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni

a. Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum.

Heiti verkefnis: Staðalmyndir

Markmið: Viðurkenning á fjölbreytileikanum og mannréttindi unnið með áhugasömum í hópastarfi.

Tímaáætlun: September 2014 - febrúar 2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 105

Heiti verkefnis: Þróunarverkefni með innflytjendum

Markmið: Auka virkni innflytjenda sem hafa litla eða enga íslensku kunnáttu.

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingastarfs og forstöðumenn

Heiti verkefnis: Mannréttindi og fjölbreytileiki

Markmið: Gera fjölbreytileika mannfólks sýnilegan á veggjum 105, t.d. Gender breadman, plaköt frá samtökunum '78, auglýsingar á mismunandi tungumálum, plakötum um aðgengi fatlaðra, áhersla í dagskrá okkar, t.d. með heimsóknum, myndasýningum.

Tímasetning: September – desember 2014

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður 105

Heiti verkefnis: SOS-samstarf - Sólblómaverkefnið

Markmið: Eldflaugin mun styrkja barn hjá SOS í vetur. Fáum fréttir og myndir af barninu.

Tímaáætlun: Vetur 2014 –2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður á frístundaheimilinu Eldflaugin

b. Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka.

Heiti verkefnis: Tónleikar á Klambratúni

Markmið: Öllum börnum og fjölskyldum í hverfinu boðið á tónleika.

Tímaáætlun: 15. ágúst 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs og forstöðumaður Eldflaugar.

VERKLAG

1. Nám og starf án aðgreiningar við hæfi hvers og eins

a. Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum.

Heiti verkefnis: Samstarf við móttökudeild Háteigsskóla

Markmið: Koma til móts við unglinga með annað móðurmál en íslensku (kanna fjölda og móðurmál, kynna okkar starf, auglýsa á fleiri tungumálum)

Tímasetning: Veturinn 2014 -2015

Ábyrgðarmaður: forstöðumaður 105 og Tómas

Heiti verkefnis: Undirbúningur að þróunarverkefni með innflytjendum

Markmið: Auka þátttöku og virkni innflytjenda í frístundaheimili. Stuðningur við börn með annað móðurmál en íslensku.

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnastarfs og forstöðumaður Draumalands

b. Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.

Heiti verkefnis: Innleiðing 8. bekkjar í 105

Markmið: Ná 8.bekk strax inn. Jafnrétti, virkni og þátttaka allra.

Tímaáætlun: Frá fyrstu opnun fram til 1. Október 2014

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 105

c. Stuðningur og ráðgjöf tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.

Heiti verkefnis: Fastir fundir með starfsmanni þjónustumiðstöðvar

Markmið: Stuðningur og samráð

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingasviðs

2. Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni

a. Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.

Heiti verkefnis: Lýðræði fyrir alla - Breyting á fyrirkomulagi nemendaráðs og innan félagsmiðstöðvarinnar

Markmið: Lýðræði og valdefling

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður Gleðibankans

Heiti verkefnis: Lýðræði fyrir alla - Breyting á fyrirkomulagi nemendaráðs og innan félagsmiðstöðvarinnar

Markmið: Lýðræði og valdefling

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður 100og1

b. Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.

Heiti verkefnis: Upplýsingar á Mentor

Markmið: Betra upplýsingaflæði til foreldra

Tímaáætlun: Vetur 2014-15
Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingastarfs

c. Öflugt samstarf við nær samfélagið, atvinnulífið og háskólasamfélagið

Heiti verkefnis: Nemi úr tómstundafræði í starf félagsmiðstöðva Kamps

Markmið: Samstarf og samvinna

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingastarfs og forstöðumenn

Heiti verkefnis: Nemi úr diplómanámi fatlaðra í starf frístundaheimila Kamps

Markmið: Samstarf og samvinna

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnastarfs og forstöðumenn

3. Flæði á milli skólastiga, námsgreina/námssviða og skóla og frístundastarfs

a. Starfsstaðir þróa aðferðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi.

Heiti verkefnis: Skilafundir í 4. -5. bekk

Markmið: Starfsfólk unglingastarfs fái upplýsingar um einstaklinga sem eru að hefja starf hjá þeim.

Tímaáætlun: Ágúst 2014

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingastarfs og deildastjóri barnastarfs

b. Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.

Heiti verkefnis: Lífsleiknihópar

Markmið: Hópefli og styrking fyrir bekk eða bekk í yngsta stigi. Kannað hvar sé þörf, þar sem hafa verið slæm samskipti eða eineltismynstur er til staðar.

Tímaáætlun: Vetur 2014 –2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn frístundaheimilinu Eldflauginni og Draumalandi. Innleiða einnig í Halastjörnu.

4. Umbætur, mat og nýbreytni

a. Ytra og innra mat á starfsemi sem nýtt er til umbóta.

Heiti verkefnis: Hvernig stöndum við okkur?

Markmið: Undirbúningur fyrir innra matskerfi frístundastarfs

Tímaáætlun: Desember 2014 og maí 2015

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingasviðs, deildastjóri barnasviðs og framkvæmdarstjóri

b. Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis-, mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.

Heiti verkefnis: Skimunn á nýjum rannsóknum og/eða greinum í frítímaþjónustu

Markmið: Að kynna sér þær rannsóknir og greinar eru gefnar út og vera með kaffisþjall 3 x á ári til kynningar á nýjungum

Tímaáætlun: September 2014, desember 2014 og maí 2015.

Ábyrgðarmaður: Deildastjórar barna- og unglingastarfs og framkvæmdarstjóri

c. Tilrauna-, þróunar- og umbótarstarf byggir á rannsóknum og árangurinn metinn.

Heiti verkefnis: Niðurstöður á „Haga og líðan nemendan 8. – 10.bekk“ frá R&G greint eftir móðurmáli

Markmið: Að kanna sérstaklega stöðu barna með annað móðurmál en íslensku á unglingastigi til að getað mætt þörfum þeirra betur.

Tímaáætlun: Haustið 2014

Ábyrgðarmaður: Framkvæmdarstjóri Kamps

Heiti verkefnis: Félagsmiðstöð fyrir alla (Access all areas)

Markmið: Fá alla unglinga til að koma í félagsmiðstöðina og þekkja starfsfólkið. Auka virkni unglinga með litla eða enga íslensku kunnáttu í starfi félagsmiðstöðvar.

Tímaáætlun: 1. Sept-Desember 2014 (matsferli) og 1. Jan - maí 2015 (matsferli)

Ábyrgðarmaður: Deildastjóri unglingasviðs, deildastjóri barnasviðs og framkvæmdarstjóri

d. Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.

Heiti verkefnis: Ígrundað hópastarf

Markmið: Meta hvernig gekk með uppsett markmið

Tímaáætlun: Haustið 2014

Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn félagsmiðstöðva

e. Ábyrgð skjalastjórnun og stjórnsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.

Heiti verkefnis: Tiltekt á sameign Kamps

Markmið: Ábyrgðari skjalastjórnun.

Tímaáætlun: Ágúst 2014

Ábyrgðarmaður: Rekstrarstjóri Kamps

MANNAUÐUR

1. Fagleg forysta

a. Framsækin stjórnun þar sem stefna hlutverk og markmið eru skýr.

Heiti verkefnis: Kynning á starfsáætlun Kamps

Markmið: Markmið og hlutverk skýr fyrir alla starfsmenn Kamps

Tímaáætlun: September - Október 2014

Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri Kamps

b. Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.

Heiti verkefnis: Slaufan – hvatningarhátíð

Markmið: Hvatning til starfsmanna

Tímaáætlun: Vor 2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Heiti verkefnis: Hvatningarverðlaun Kamps

Markmið: Hvatning fyrir vel unnin störf, góða frammistöðu og flott verkefni.

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Stjórnendateymi Kamps.

Heiti verkefnis: Vinnustaðalýðræði

Markmið: Valdefling starfsmanna og umboð til athafna

Tímaáætlun: Vetur 2014-15

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

c. Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.

Heiti verkefnis: Mánaðarlegir póstar frá framkvæmdarstjóra
Markmið: Að stuðla að virku upplýsingastreymi til allra starfsmanna Kamps
Tímaáætlun: Veturinn 2014 - 2015
Ábyrgðarmaður: Framkvæmdarstjóri Kamps

2. Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi

a. Jafnræði í launum og kjörum og ráðningaferli byggt á faglegum forsendum.

Heiti verkefnis: Fræðsla rekstrarstjóra til starfsmanna um ýmis réttindi og skyldur er varðar þeirra starfsumhverfi og starfsmannafélag.
Markmið: Réttindi og skyldur starfsmanna
Tímaáætlun: Hausti 2014
Ábyrgðarmaður: Rekstrarstjóri Kamps

b. Heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi.

Heiti verkefnis: Heilsueflandi vinnuumhverfi
Markmið: Að auka vellíðan og hvetja til heilbrigðs lífennis meðal starfsmanna Kamps
Tímaáætlun: Veturinn 2014 - 2015
Ábyrgðarmaður: Framkvæmdarstjóri Kamps og forstöðumaður Draumalands

Heiti verkefnis: Jakkafata jóga
Markmið: Að stuðla að vellíðan starfsmanna
Tímaáætlun: Veturinn 2014 - 2015
Ábyrgðarmaður: Deildastjóri barnastarfs

Heiti verkefnis: Fræðsla um sjálfsvörn
Markmið: Öryggi starfsmanna
Tímaáætlun: Hausti 2014
Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

3. Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs

a. Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi.

Heiti verkefnis: Sitt sýnist hverjum - Access all areas
Markmið: Fræðsluverkefni þar sem markmiðið er að allir starfsmenn unglingastarfs Kamps auki reynslu sína í að vinna með fjölbreytileika.
Tímaáætlun: Ágúst – September 2014
Ábyrgðarmaður: Deildastjóri og forstöðumenn félagsmiðstöðva.

Heiti verkefnis: Fíkniefnafræðsla fyrir starfsmenn
Markmið: Vinna gegn áhættu hegðun
Tímaáætlun: Hausti 2014
Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

4. Lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi

a. Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða.

Heiti verkefnis: Innleiðing á verklagi vegna námskeiða starfsmanna
Markmið: Nýta marfeldnisáhrif af þátttöku starfsmanna á námskeiðum eða ráðstefnum.
Tímaáætlun: Vetur 2014-2015
Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

AUÐLINDIR

1. Hagkvæm nýting fjármagns

a. Útgjöld allra stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.

Heiti verkefnis: Mánaðarleg greining á rekstri
Markmið: Skoða útgjöld á hverjum starfstað á mánaðarlegum fresti og kanna hver staðan er miðað við fjárheimildir
Tímaáætlun: Veturinn 2014 - 2015
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

b. Stöðug rýning tækifæra til endurskipulagningar.

Heiti verkefnis: Excel fræðsla og handbók fyrir starfsmenn
Markmið: Að allir forstöðumenn hafi þau tæki og tól til þess að hafa fulla yfirsýn yfir rekstrinum hjá sér
Tímaáætlun: Veturinn 2014 - 2015
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

c. Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf.

Heiti verkefnis: Fjárhagslegt eftirlit
Markmið: Fara yfir með forstöðumönnum yfir reksturinn þeirra í byrjun og á miðri önn
Tímaáætlun: Vetur 2014-2015
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

2. Skilvirk upplýsingatækni

a. Virk stefna í upplýsinga- og samskiptatækni.

Heiti verkefnis: Yfirfara tölvubúnað
Markmið: Úreltum tölvubúnaði verði skipt út fyrir nýrri búnað
Tímaáætlun: Vetur 2014
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri

3. Góður aðbúnaður

a. Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.

Heiti verkefnis: Dótakassinn
Markmið: Yfirfara og endurbæta dótakassa Kamps
Tímaáætlun: Vetur 2014
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri